

Skólanefndarfundur haldinn í FSH 9. júní kl. 16:15.

Mættir eru skólanefndarmennirnir Lilja Rögnvaldsdóttir, Halldór Valdimarsson, Hanna Ásgeirsdóttir, Trausti Aðalsteinsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson ásamt Valdimar Stefánssyni fulltrúa kennara, Dóru Ármannsdóttur skólameistara og Jóneyju Jónsdóttur aðstoðarskólameistara sem ritar fundargerð.

Lilja formaður setur fundinn. Gengið er til dagskrár.

1. Embætti skólameistara verður ekki auglýst fyrir en í haust.
Dóra lýsir því að Ólafur starfsmaður menntamálaráðuneytis hafi hringt og tilkynnt að ákveðið hefði verið að fara ekki í ráðningarferli starfs skólameistara fyrir en í haust. Hann hafði einnig samband við Jóneyju til að biðja hana um að leysa starfið fram að áramótum. Eftir að hún hefur svarað játandi var fyrst haft samband við Lilju til að tilkynna skólanefnd um þetta fyrirkomulag. Rætt er um hvernig skólanefnd eigi að bregðast við. Ákveðið að senda bréf til ráðuneytisstjóra þar sem fram kemur að skólanefnd er ósátt við vinnubrögð ráðuneytisins varðandi lausn embættis skólameistara og kallar eftir staðfestingu á því að starfið verði auglýst í haust. Senda á afrit til sveitarstjórnar svo hún viti af málinu.
2. Skólanefndir FSH og Framhaldsskólans á Laugum ásamt stjórn Þekkingarnetsins hittast.
Jóney sagði frá fundi með Óla Halldórssyni, Sigurbirni Árna Arngrímssyni og Svanfríði Jónasdóttur þar sem rætt var um að skólanefndir FSH og Framhaldsskólans á Laugum hittust til að ræða samstarfið auk fulltrúa stjórnar Þekkingarnetsins. Skólanefndin er samþykkt því að hittast og telur æskilegt að ræða þær breytingar sem framundan eru. Gott að vera viðbúin í haust ef ráðuneytið kallar á sameiningu. Mikilvægt er að leggja ofuráherslu á samstarfssamninginn til að draga úr hættu á erfiðleikum sem gætu fylgt sameiningu. Dóra mun senda Svanfríði póst og segja að skólanefndin sé mjög jákvæð varðandi að hitta skólanefnd Framhaldsskólans á Laugum og fulltrúa stjórnar Þekkingarnetsins. Kalla þarf eftir peningum í samstarfið.

Fleira ekki tekið fyrir. Lilja slítur fundi kl. 17.